

ber áfrýjandanum að greiða hinum skipaða talsmanni hreppsnefndarinnar í ómakslaun 10 kr.

Vörnin af hendi hins skipaða talsmanns hreppsnefndarinnar hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá yfirdómi. Áfrýjandinn Þórður Guðjohnsen fyrir hönd Örum og Wulffs verzlunar greiði hinum skipaða talsmanni hreppsnefndarinnar, yfirréttarmálaflutningsmanni Oddi Gíslasyni, í ómakslaun 10 kr., er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 26. ágústmánaðar.

Nr. 9/1901.

Guðjón Guðlaugsson  
gegn

Arnóri presti Árnasyni.

D ó m u r:

Veturinn 1898—1899 kom áfrýjandinn, sem er búandi í prestakalli stefnda, fósturdóttur sinni fyrir um tíma til kenslu hjá bónda í öðru prestakalli, Prestsbakkaprestakalli, og skyldi bóndi þessi annast um fermingu stúlkunnar og hún síðan koma heim aftur. Var stúlkan samkvæmt þessu umtali fermd í Prestbakkaprestakalli af sóknarprestinum þar 4. júní 1899, og fór hún að því búnu heim aftur til áfrýjandans. Með því að hinn stefndi á-

leit, að sér hefði borið sem hlutaðeigandi sóknarpresti, þar sem stúlkan var heimilisföst, að ferma hana, og að sér því bæri fermingargjald fyrir hana hjá áfrýjanda, þótt hann hefði látið annan prest án síns leyfis ferma hana, krafðist hann lögtaks á gjaldinu, kr. 6,60, og kom lögtaksbeiðnin í hendur sýslumanni 4. júní 1900, en 15. ágúst s. á. úrskurðaði sýslumaður að lögtakið mætti fram fara og skipaði hreppstjóranum í Óspakseyrarhreppi að framkvæma það. Þetta gerði hreppstjórinn og 5. sept. næst á eftir og tók lögtaki fyrir gjaldinu og áföllnum kostnaði hverfistein, er áfrýjandinn átti, sem virtur var 12 kr. Um mótmæli áfrýjanda gegn gjörðinni, er hann bar upp fyrir hreppstjóra meðan á gjörðinni stóð, feldi fógétinn síðan úrskurð 2. októbermán. s. á. á þá leið, að mótmælin voru eigi tekin til greina, en löktaksgerðin staðfest.

Fógetaúrskurði þessum og lögtaksgerð hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 14. febr. þ. á., og hefir hann fengið konunglegt leyfisbréf til áfrýjunarinnar, þar sem áfrýjunarfrestur var liðinn. Er þess nú krafist af hans hálfu fyrir yfirdóminum, að hinn áfrýjaði úrskurður verði dæmdur ómerkur og lögtaksgerðin ónýtt og að stefndi verði dæmdur til að greiða allan kostnað málsins fyrir báðum dómum að skaðlausu eða eftir réttarins mati. Af stefnda hálfu hefir þess aftur á móti verið krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandinn dæmdur til að greiða stefnda málskostnað eftir mati yfirdómsins.

Eins og áður er getið, kom lögtaksbeiðnin til

sýslumanns 4. júní 1900 og fyr var lögtaksins því eigi beiðst, en 4. júní 1899 var umrædd stúlka fermd, og þá, að fermingunni aflokinni, var gjalddagi fermingargjaldsins til stefnda, ef stefndi á annað borð átti heimting á því, en úr því, hvort svo hafi verið, þarf eigi að skera í þessu máli, með því að lögtakið verður að dæma ómerkt þegar fyrir þá sök, að þess samkvæmt framansögðu eigi var beiðst fyr en ár var liðið frá gjalddaga og krafan fyrir það hafði mist lögtaksrétt.

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður og lögtaksgjörð eiga því ómerk að vera. Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður og lögtaksgerð eiga ómerk að vera. Stefndi Arnór prestur Árnason greiði áfrýjandanum Guðjóni Guðlaugssyni alþingismanni í málskostnað fyrir yfirdómi 20 krónur, er lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaáðför.

Mánudaginn 2. septembermánaðar.

Nr. 29/1901.

Hið opinbera  
gegn

Jóni Jónssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er í héraði höfðað eftir skipun amt-